

## GREINAGERÐ


---

Fyrir nýtt deiliskipulag: Fossabrekkur

Tillaga á deiliskipulagi



3. mars 2022

 Skipulagsstofnun
Mótt.: - 6 maí 2022
Málnr.
_____

## Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Markmið og tilgangur	2
3. Tengsl við aðrar áætlanir	3
3.1 Landsskipulagsstefna	3
3.2 Aðalskipulag Rangárping ytra	3
4. Staðhættir	4
4.1 Núverandi nýting	4
4.2 Menningarminjar	5
4.3 Náttúruvá	5
4.4 Náttúruminjar, verndarsvæði og vistgerðir	5
5. Deiliskipulag	7
5.1 Skipulagssvæðið	7
5.2 Byggingar	7
5.3 Bílastæði og veltenging við þjóðveg	8
5.4 Áningar- og útsýnisstaður	8
5.5 Göngustígar	9
5.6 Fræðsluskilti og merkingar	9
5.7 Gögn deiliskipulagsins	9
5.8 Umhverfisáhrif áætlunarinnar	10
6. Kynning og samráð	<u>10</u> <del>11</del>
7. Heimildir	2

## 1. Inngangur

Fossabrekkur eru í Rangárbotnum þar sem Ytri-Rangá, sem er vatnsmikil lindá og myndar gróðurvin í sendnum auðnum, sprettur fram í láginni vestan Næfurholtsfjalla sunnan Landmannaleiðar. Auðnirnar eru víðáttumiklar og að miklu leyti myndaðar í gjóskugosum frá Heklu. Gjóskubunkarnir hafa mikla vatnsleiðni og sígur leysinga- og úrkomuvatn í gegnum gjóskulögin og sprettur fram sem kaldar lindir í Rangárbotnum. Lágir en breiðir fossarnir eru þar sem Ytri-Rangá fellur fram af Sigölduhrauni, en hraunið á uppruna sinn í Bárðarbungu-eldstöðvakerfinu og rann fyrir um 4.500–7.000 árum. Fossabrekkur er vinsæll viðkomustaður ferðamanna en aðgengi að þeim er gott af Landvegi (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2020).

Sveitarfélagið telur að með aukinni ásókn ferðamanna á viðkvæm svæði í sveitarfélaginu þurfi viðbrögð sveitarfélagsins að miða að því að svæðið verði ekki fyrir meiri áníðslu en gott þykir.

Efsti foss í Ytri-Rangá nefnist Fossabrekkur og er hann rétt fyrir neðan vestari upptök árinna skömmu eftir að komið er inn fyrir afréttarmörk Landmannaafréttar. Fossabrekkur eru gróðursæl vin í vikurrauninni sem þar er að finna og þarf að keyra að staðnum til að sjá hann, enda vel falinn. Í Fossabrekkum er einstök fegurð þar sem vestari kvísl Ytri-Rangár í Rangárbotnum steypist fram af klöppum ofan í eystri kvíslina og eftir það rennur áin í einni kvísl langleiðina til sjávar (Upplifðu Suðurland, e.d.).

## 2. Markmið og tilgangur

Deiliskipulag við Fossabrekkur eykur aðgengi fyrir gesti að svæðinu og kemur í veg fyrir umhverfisspjöll vegna ágangs. Fossabrekkur er orðinn vinsæll áfangastaður og er mikilvægt að leiða gesti um svæðið. Með aukinni stýringu er komið í veg fyrir að sýn á fossa og nánasta umhverfi þeirra raskist. Markmið skipulagsvinnunnar er að stýra umferð fólks um svæðið. Það þjónar bæði ferðalöngum og náttúrunni að skipuleggja svæðið og umgengni um það af kostgæfni, reynt verður að halda í eins náttúrulegt umhverfi og frekast er kostur. Helstu markmið deiliskipulagsins eru eftirfarandi:

- Auka öryggi allra vegfarenda.
- Bæta aðgengi að náttúru.
- Vernda náttúru og ásýnd svæðisins.
- Stuðla að upplifun sem byggist á náttúruferð og staðaranda.
- Fræða vegfarendur um náttúru og sögu svæðisins.
- Styðja við ferðamennsku í Rangárþingi-ytra.

Með nýju bílastæði fæst meira rými fyrir bíla og rútur. Gert er ráð fyrir gönguleið frá bílastæði að jákvæðri upplifun byggðri á staðaranda. Einnig er gert ráð fyrir útsýnisstað við fossinn þar sem gestir geta tyllt sér og notað útsýnisins. Lögð er áhersla á góðan frágang og vandaða hönnun sem vinnur vel með umhverfinu. Á áningastað er gert ráð fyrir upplýsinga- og fræðsluskilti þar sem sýndar eru gönguleiðir um svæðið og upplýsingar um ferðapjónustu í Rangárþingi-ytra. Göngubrú við Fossabrekkur er mikilvægur hlekkur í framkvæmdum við svæðið, svo hægt sé að njóta útsýnis og til að tryggja aðgengi fyrir alla.

Útsýnispallur er andspænis fossinum, og er aðgengi að honum frá göngubrú. Pallurinn er til að koma í veg fyrir ágang á viðkvæm svæði og til að koma í veg fyrir jarðvegsrof vegna ágangs.

### 3. Tengsl við aðrar áætlanir

#### 3.1 Landsskipulagsstefna

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er lögð áhersla á að stuðla að eflingu ferðapjónustu í sátt við náttúru og umhverfi þar sem sérstaða og veikleikar svæða verði greindir svo unnt sé að varðveita þau gæði sem ferðapjónustan byggir á.

#### 3.2 Aðalskipulag Rangárþing ytra

Aðalskipulag Rangárþing ytra 2016-2028 var staðfest af Skipulagsstofnun þann 3. október 2019. Samkvæmt því er skipulagssvæðið skilgreint sem *afþreyingar- og ferðamannasvæði*. Fossabrekkur er afþreyingar- og ferðamanna svæði nr. 25 (AF25) og er skilgreining eftirfarandi:

Nr.	Heiti svæði	Lýsing	Fjöldi gisti-pláss	Fjöldi gisti-pláss heimild
AF25	Fossabrekkur	Áningarstaður/útivistarsvæði; m.a. bílastæði, upplýsingar, snyrtingar og önnur dagdvalaraðstaða. Stærð svæðis er allt að 1 ha.		

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2012, er afþreyingar- og ferðamannasvæði skilgreint sem „svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar“.

#### 3.2.1 Afþreyingar- og ferðamannasvæði


Stefna gildandi aðalskipulags varðandi afþreyingar- og ferðamannasvæði eru:

- Leitað verði eftir nýjum tækifærum á sviði ferðaþjónustu ásamt því að efla þau tækifæri sem fyrir eru.
- Efla skal þjónustu við ferðamenn allt árið.
- Fjölga afþreyingarmöguleikum til að ferðamenn dvelji lengur í sveitarfélaginu.
- Settar verði almennar reglur um stýringu ferðamanna og uppbyggingu á ferðamannastöðum.
- Við skipulags ferðamannastaða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.

## 4. Staðhættir

### 4.1 Núverandi nýting

Engin starfsemi er á deiliskipulagsvæðinu eins og er. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi og vefsjám liggja engar raflínur né lagnir að svæðinu en þjóðleið liggur meðfram Ytri-Rangá að austanverðu. Bílastæði er á svæðinu í mikilli nálægð við fossabrekkur ásamt gönguleið að þeim.



Mynd 1. Staðsetning.

#### 4.2 Menningarminjar

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 skal fara fram skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum áður en deiliskipulag er afgreitt og framkvæmdaleyfi veitt. Í lögnum er hugtakið menningarminjar skilgreint sem *“ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar.”*

Samkvæmt minjavefsjá Minjastofnunar Íslands eru engin friðlýst eða friðuð hús/mannvirki innan skipulagssvæðisins, engar friðlýstar eða friðaðar fornleifar né fornleifaverkefni eða hættusvæði. Minjavefsjain er ekki tæmandi yfirlit um fornleifar, hús og mannvirki á Íslandi sem njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 (Minjastofnun Íslands, 2021).

#### 4.3 Náttúruvá

Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal taka tillit náttúruvár og loftlagsbreytinga auk þeirrar hættu sem gæti stafað af þeim við skipulagsgerð sveitarfélaga. Í Aðalskipulagi Rangárþingi ytra 2016-2028 forsendur og umhverfisskýrsla er ljóst að skipulagssvæðið er í hæsta áhættuflokki hvað snertir jarðskjálfta en stórskjálftar hafa riðið yfir Suðurlandsbeltið á 50-100 ára fresti. Einnig er Hekla í næsta nágrenni en gos í henni hafa einkum í för með sér öskufall. Þá er flóðahætta í hluta sveitarfélagsins vegna flóða í Þjórsá annars vegar og Markarfljóti og Þverá hins vegar.

#### 4.4 Náttúruminjar, verndarsvæði og vistgerðir

Samkvæmt Náttúrfræðistofnun Íslands er svæðið, Fossabrekkur, tilnefnt til náttúruminja vegna ferskvatnsvistgerða. Mörk miðast við fossbrún og 200 m jaðarsvæði út frá henni. Svæðið er því á náttúruminjaskrá B-hluta. B-hluti er framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár, þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Í desember 2020 voru 12 fossasvæði valin undir viðbótarsvæði til verndar og voru Fossabrekkur hluti af því (Náttúrfræðistofnun, 2020).

Samkvæmt náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar falla Fossabrekkur undir verndarsvæði Heklu, Rangárvallasýslu. Mörk frá N Mörk frá Norðurbotnum um Sölvahraun í Valafell og þaðan í Stóra-Mælifell. Að austan ráða vesturmörk Friðlands að Fjallabaki og sunnan frá

Laufafelli um Krakatind í Vondubjalla. Þaðan í Selsundsfjall, Melfell í Ytri-Rangá við Stóru-Glerhausgil og upp með ánni að Norðurbornum. Eitt þekktasta eldfjall landsins, Hekla (Umhverfisstofnun, á.á.).

Samkvæmt skipulags- og umhverfisvefsjá Alta (á.á.) er brunnsvæði við Fossabrekkur og við upptök Ytri-Rangá að vestan- og austan verðu. Skilgreining á brunnsvæði er sá hluti vatnsverndarsvæðis sem er í næsta nágrenni vatnsbóls. Lágmarks fjarlægð frá vatnstöku að ytri mörkum brunnsvæðis er 50 metrar og síðan 200 metra geisli frá miðju vatnsbóls í aðrennslisstefnu grunnvatns. Ef útmörk 50 daga aðrennlistíma lenda innan 200 m geislans marka þau lágmarksfjarlægð brunnsvæðismarka. Við afmörkun brunnsvæða er einnig tekið tillit til jarðfræðilegra greininga og staðbundinna aðstæðna svo sem yfirborðsvatnaskila. Skipulagssvæðið við Fossabrekkur er hluti þjóðlendu Íslands, en þjóðlenda er skilgreind í Lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta sem *“landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.”* Samkvæmt 3.gr. má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi, sbr. þó 5. gr., nema að fengnu leyfi skv. 2. eða 3. mgr. og að uppfylltum skilyrðum laga að öðru leyti.

## 5. Deiliskipulag

Gert er ráð fyrir áningarstað með þjónustuhúsi og bílastæðum við Fossabrekkur. Um er að ræða byggingu fyrir þjónustu við ferðamenn. Aðkoma að áningarstaðnum verður frá Landvegi nr. 26. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á áninga- og útsýnisstað, stígum og gönguleiðum. Í Aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028 er landnotkun á svæðinu tilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

### 5.1 Skipulagssvæðið

Deiliskipulagssvæðið hefur ekki afmörkun í landeignaskrá fasteigna en er um 1 ha að stærð og liggur austan við Landveg (nr. 26).



Mynd 2. Afmörkun deiliskipulagssvæðisins.

Svæðið er aflíðandi í átt að Ytri-Rangá. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands eru þessar vistgerðir mest áberandi á skipulagssvæðinu: L1.5 Sanda- og vikravist, L3.3 Ljónslappaskriðuvist, L5.2 Melagambravist, L5.3 Hraungambravist, L8.13 Tjarnastararflóavist, L10.1 Mosamóavist, L10.3 Starmóavist og L10.10 Víðikjarrvist. Á hönnunar- og framkvæmdarstigi er mikilvægt að taka tillit til vistgerða á svæðinu. Við Fossabrekkur er mjög gróðursælt og óraskað umhverfi og er mjög mikilvægt á framkvæmdarstigi að röskun verði sem minnst á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

### 5.2 Byggingar

Grunnflötur byggingar skal vera að hámarki 100 m<sup>2</sup>, mesta hæð skal vera að hámarki 4,5 m. Byggingin verður að falla vel að landslagi. Hún verður flutt í einingum eða fullbyggð á staðinn. Ekki er heimilt að reisa aðrar byggingar innan svæðisins. Tryggja skal viðunandi losun og



frárennsli í samræmi við reglugerðir. Hreinsivirki vegna fráveitu skal komið fyrir í samræmi við reglugerðir. Leiðbeinandi staðsetning rotþróar er sýnd á uppdrætti.

Í fyrirhuguðu þjónustuhúsi verða salerni með gjaldtökubúnaði og með aðgengi fyrir alla. Með möguleika á enda hússins er rými með aðstöðu sem ferðamenn á húsbílum, hjólum og aðrir geta nýtt sér. Möguleg framtíðar sýn að þráðlaust net verði í húsinu og hleðslustöðvar fyrir bíla á bílastæðinu. Innan þjónustuhúss verður möguleiki á að setja upp auglýsingar frá ferðapjónustuaðilum í hreppnum. Starfsmaður mun vakta svæðið en verður ekki með aðstöðu á svæðinu.

### 5.3 Bílastæði og vegtenging við þjóðveg

Núverandi bílastæði eru í mikilli nálægð við Fossabrekkur og er talið mikilvægt að hugsa til framtíðar og færa bílastæði fjær ferðamannastaðnum. Skipulag gerir ráð fyrir töluverðri aukningu á bílastæðum en gert er ráð fyrir uppbyggingu í áföngum. Uppbygging verður á bílastæði sem er nú þegar á deiliskipulagsvæðinu. Á bílastæði skulu vera stæði fyrir fólksbíla, stærri og smærri rútur ásamt möguleika á stækkun bílastæðis seinna meir. Að lágmarki skal gera ráð fyrir þremur bílastæðum fyrir hreyfihamlaða. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 40 stæðum fyrir fólksbíla, þar af þremur fyrir hreyfihamlaða, tíu stæðum fyrir rútur.

Merkingar á bílastæði skulu vera skýrar og vanda skal allan frágang bílastæðis. Tryggja skal öryggi gangandi vegfarenda um og yfir bílastæði. Lýsingu á bílastæði skal haldið í lágmarki til að minnka ljósmengun á svæðinu. Frá bílastæði liggur göngustígur að áningar- og útsýnisstað við Fossabrekkur og skal hann vera aðgengilegur öllum.

Staðsetning á bílastæði er sýnd á deiliskipulagsuppdrætti ásamt tengingu við þjóðveg. Frágangur og aflögun á eldra bílastæði er útfært með notkun staðargróðurs til uppgræðslu. Útfærsla bílastæðis getur breyst á hönnunar- og framkvæmdarstigi.

### 5.4 Áningar- og útsýnisstaður

Áningarstaður skal vera í góðum tengslum við bílastæði og gönguleið. Gert er ráð fyrir aðgengi fyrir alla að áningarstað. Leiðbeinandi staðsetning áningarstaðar er sýnd á uppdrætti en skal útfærð nánar á hönnunarstigi. Val á staðsetningu áningarstaðar skal taka mið af legu lands og gæta þess að hindra ekki sjónlínur frá útsýnisstað við Fossabrekkur. Á áningarstað skulu vera bekkir, borð, ruslatunnur ásamt fræðslu og upplýsingaskiltum. Gert er ráð fyrir útsýnisstað fyrir neðan fossinn og skal vera aðgengi fyrir alla að honum. Þar geta gestir notið útsýnisins

eða stillt upp myndavélum og tekið myndir af fossinum. Sorpgeymslur skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012. Viðhald og umhirða verður á vegum Rangárþings-Ytra.

Leiðbeinandi staðsetning á útsýnisstað er sýnd á uppdrættinum sem verður útfærð nánar á hönnunar- og framkvæmdarstigi. Við hönnun skal gera ráð fyrir að gestir geta sest og notið útsýnis við fossinn og umhverfið í kring. Efnisnotkun skal taka mið af nærumhverfinu og falla sem best að staðnum. Gert er ráð fyrir lágstemmdri lýsingu á áningarstað.

#### 5.5 Göngustígar

Göngustígur að áningar- og útsýnisstað hefur aðgengi fyrir alla. Stígar eru með bundnu slitlagi eða þjöppuðu malarlagi án lausamalar á yfirborði. Mikilvægt er að stígar séu 90 cm eða breiðari. Tryggja skal öryggi gangandi vegfarenda. Gæta þarf að öryggi allra á brúnni sem mun liggja við Fossabrekkur á sama tíma og efnisval skal vera í samræmi við núverandi umhverfi.

Þjóðleiðin, Hellismannaleið, liggur meðfram Ytri-Rangá og verður sú leið breikkuð og mótaður til að auka aðgengi fyrir gangandi vegfarendur. Efst við upptök árinna verður stiklað fyrir flúðirnar.

Leiðbeinandi lega gönguleiða er sýnd á uppdrætti en lega þeirra getur breyst á hönnunar- og framkvæmdastigi. Frágangur og aflögun á eldra göngustígum er útfært með notkun staðargróðurs til uppgræðslu. Efnisnotkun skal taka mið af nærumhverfi og falla sem best að staðnum. Gert er ráð fyrir lágstemmdri lýsingu til að tryggja öryggi gesta á göngustíg að áningar- og útsýnisstað, en ekki er gert ráð fyrir lýsingu á göngustíg umhverfis svæðið.

#### 5.6 Fræðsluskilti og merkingar

Setja skal upp merkingar við þjóðveg í samráð við Vegagerðina, sem vísa á bílastæði og gönguleið að fossinum. Upplýsingaskilti á bílastæðum, við göngustíg og á áningarstað vísi gestum á ferðaþjónustu í sveitarfélaginu sem og á næstu salernisaðstöðu. Fræðsluskilti um sögu staðarins, náttúruna og nærumhverfið skulu vera í góðum tengslum við áningarstað, gönguleið og/eða bílastæði. Lagt er til að nýta samræmt merkingakerfið Vegrún.

#### 5.7 Gögn deiliskipulagsins

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:1.000 dags. 11. október 2021.
- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:5.000 dags. 11. október 2021.
- Skipulagslýsing dags. 11. október 2021.

## 5.8 Umhverfisáhrif áætlunarinnar

Við gerð þessa deiliskipulags voru metin líkleg umhverfisáhrif og dregið úr núverandi umhverfisáhrifum. Mikil áraun er nú á þessu svæði og með skipulagi er dregið úr ágangi og aukið öryggi með: stýringu á ferðamönnum á svæðinu, stækkun á bílastæðum og þau færð frá áningastaðnum til að auka upplifun á svæðinu, aukið aðgengi allra að staðnum þar með talið hjólastólum, brú yfir að útsýnisstað sem veitir rétta ásýnd á fegurð fossana, gönguleið um upptök Ytri-Rangá skipulögð og dregið úr traðki á ósnertri náttúru, gert ráð fyrir þjónustuhúsi sem ber lítið á, gert ráð fyrir lágstemmdri lýsingu *til að tryggja öryggi gesta* á göngustíg að áningar- og útsýnisstað. Frágangur og aflögun á eldra göngustígum er útfært með notkun staðargróðurs til uppgræðslu.

## 6. Kynning og samráð

Vegna vinnu við deiliskipulag skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta með virku samráði gegnum allt skipulagsferlið.

Helstu samráðsaðilar:

- Forsætisráðuneyti
- Landvernd
- Markaðsstofa Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Viðeigandi ráð, nefndir og deildir Rangárþing ytra

Óskað var eftir athugasemdum og þær bárust frá eftirfarandi:

- Umhverfisstofnun
- Skipulagsstofnun
- Forsætisráðuneyti
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Íbúum
  - Kristján Gíslason, Hólum Rangárvöllum
  - Ragnildur Sveinbjarnardóttir
  - Harpa Rún Kristjánsdóttir, Sigurður Rúnar Rúnarsson, Torfum, Kristján Gíslason, Guðrún Auður Haraldsdóttir, Rökkvi Hljómur Kristjánsson, Hólum, Haraldur Gísli Kristjánsson, Guðleif Harðardóttir, Hólum 2

Eftir að athugasemdir bárust var farið yfir tillöguna og hún uppfærð.

Í kafla 5.2 var eftirfarandi texta bætt við: *Við Fossabrekkur er mjög gróðursælt og óraskað umhverfi og er mjög mikilvægt á framkvæmdarstigi að röskun verði sem minnst á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.*

Í kafla 5.3 var eftirfarandi texta bætt við: *Frágangur og aflögun á eldra bílastæði er útfært með notkun staðargróðurs til uppgræðslu.*

Í kafla 5.5 var eftirfarandi texta bætt við: *Frágangur og aflögun á eldra göngustígum er útfært með notkun staðargróðurs til uppgræðslu. Gert er ráð fyrir lágstemmdri lýsingu til að tryggja öryggi gesta á göngustíg að áningar- og útsýnisstað.*

Kafla 5.8 var bætt við um umhverfismat framkvæmdarinnar.

## 7. Heimildir

Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028. Forsendur og umhverfisskýrsla.

Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028. Greinagerð og uppdráttur.

Alta. (á.á.). *Skipulags- og umhverfisvefsjá*. Sótt af <https://www.vefsja.is/>

Landsskipulagsstefna 2015-2026 ásamt greinagerð. Sótt af [https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna2015-2026\\_asamt\\_greinagerd.pdf](https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna2015-2026_asamt_greinagerd.pdf)

Lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1995.

Minjastofnun Íslands. (2021). *Minjavefsjá*. Sótt af <https://www.map.is/minjastofnun/#>

Náttúrufræðistofnun Íslands. (2020, 3. desember). *Fossabrekkur*. Sótt af <https://www.ni.is/greinar/fossabrekkur>

Samstarfsnefnd um handbók um aðgengi og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins. (2007). *Ferðabjónusta fyrir alla*. Sótt af [https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/umhverfismal/ferdatjon\\_fyrir\\_alla.pdf](https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/umhverfismal/ferdatjon_fyrir_alla.pdf)

Umhverfisstofnun. (e.d.). *Suðurland*. Sótt af: <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/naturuminjaskra/sudurland/>

Upplifðu Suðurland. (e.d.). *Fossabrekkur*. Sótt af <https://www.south.is/is/stadur/fossabrekkur>